

# Mikilvægar tengiliðaupplýsingar

Mikilvægar  
öryggisupplýsingar



Í samráði við  
Lyfjastofnun

Nafnið mitt:

Tengiliður minn í neyðartilfellum (nafn og símanúmer):

Nafn læknis sem ávísaði Venclyxto®:

Símanúmer læknis:

Útgáfa 1.0. 22. september 2023  
Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2023

abbvie



## Mikilvægar öryggisupplýsingar fyrir heilbrigðis- starfsfólk um Venclyxto og æxlislýsuheilkenni

Þessi sjúklingur tekur Venclyxto vegna langvinnis eitilfrumu-  
hvítblæðis sem gæti valdið æxlislýsuheilkenni á fyrstu  
5 vikum meðferðar.

- Meta skal blóðsölt: kalíum, þvagsýru, fosfór, kalsíum og kreatínín.
- Leiðréttá skal strax óeðlileg blóðsölt. **Þetta getur reynst banvænt ef ekki meðhöndlað.**
- Ef þig grunar að um æxlislýsuheilkenni sé að ræða skaltu strax hafa samband við lækinn sem ávísaði lyfinu og skráður er á þetta sjúklingakort.

Vinsamlegast lesið samantekt á eiginleikum lyfs eða hafið samband við umboðsmann Abbvie, Vistor í síma 535-7000 fyrir frekari upplýsingar og ef þörf er á fleiri eintökum af sjúklingakortinu.

## Sjúklingakort

# Öryggisupplýsingar varðandi Venclyxto (venetoclax) fyrir sjúklinga með langvinnt eitilfrumuhvítblæði

Venclyxto er notað til að meðhöndla sjúklinga með langvinnt eitilfrumuhvítblæði. Þetta sjúklingakort inniheldur upplýsingar sem þú þarft að vita um æxlislýsuheilkenni og Venclyxto.



- Hafðu þetta sjúklingakort alltaf á þér.
- Sýndu það öllu heilbrigðisstarfsfólki sem koma að lækniþjónustu þinni eða ef þú ferð á bráðamóttöku.
- Fylgdu ávallt nákvæmlega leiðbeiningum læknisins um inntöku Venclyxto.

## Hvað ætti ég að vita um æxlislýsuheilkenni?

Meðan á meðferðinni stendur getur verið að fram komi hækkuð gildi á ákveðnum blóðsöltum (eins og kalíum og þvagsýru) í blóði. Þetta getur leitt til ástands sem kallast æxlislýsuheilkenni á fyrstu 5 vikum meðferðar.

### Einkenni æxlislýsuheilkennis:

- hiti og hrollur
- ógleði eða uppköst
- ruglástand
- andnauð
- óreglulegur hjartsláttur
- dökkt eða skýjað þvag
- óvenjuleg þreytutilfinning
- vöðvaverkir eða óþægindi í liðamótum
- krampar eða flog
- kviðverkur og þaninn kviður

## Hvað á ég að gera ef ég finn fyrir einkennum æxlislýsuheilkennis?

Ef þú finnur fyrir einhverjum einkennum æxlislýsuheilkennis meðan á meðferð stendur skalt þú:

-  **Leita lækniþjónustu tafarlaust, og**
-  **Hætta að taka Venclyxto**

Lestu fylgiseðilinn fyrir frekari upplýsingar.

## Hvernig get ég minnkað líkurnar á æxlislýsuheilkenni?



Drekktu a.m.k. **1,5 til 2 lítra af vatni daglega:**

- frá 2 dögum fyrir fyrsta skammt, og
- sama dag og þú færð fyrsta skammtinn, og
- á hverjum degi fyrstu 5 vikur meðferðar.

Það að drekka mikið vatn mun hjálpa til við að fjarlægja blóðsölt í miklu magni með þvagi.



Mættu í **skipulagðar blóðprufur** þar sem þær munu hjálpa læknum að greina æxlislýsuheilkenni.



**Áður en þú hefur meðferð með Venclyxto** byrjaðu á öðru lyfi sem hjálpar til við að koma í veg fyrir uppsöfnun blóðsalta (þvagsýru) í líkamanum, samkvæmt leiðbeiningum læknsins.